

## Fundargerð 285. stjórnarfundar Stjórnvísí

---

**Verkefni: 285. stjórnarfundur Stjórnvísí haldinn 13.ágúst á Kynnisferðum.**

**Efni fundar:**

- Trello: Staða verkefna (tímalínuverkefna, áhersluverkefna og annarra verkefna)
- Fjárhagsstaða Stjórnvísí. Staða félagsins er í samræmi við endurskoðaða áætlun.
- Önnur mál

<b>Dags.fundar:</b> 13.ágúst 2019	<b>Tími:</b> 11:45-13:00	<b>Nr. fundar:</b> 285
<b>Fundarboðari:</b> AÓG	<b>Fundarritari:</b> GA	<b>Staður:</b> Kynnisferðir

**Viðstaddir:** Aðalheiður Ósk Guðmundsdóttir, Ásdís Erla Jónsdóttir, Berglind Björk Hreinsdóttir, Guðjón Örn Helgason, Guðný Halla Hauksdóttir, Gunnhildur Arnardóttir, Jón Gunnar Borgþórsson og Sigríður Harðardóttir.

**Fjarverandi:** Ingi Björn Sigurðsson og Kristján Geir Gunnarsson

**Gestir:**

---

### Samantekt og niðurstaða fundar

- **Trello:** Staða verkefna (tímalínuverkefna, áhersluverkefna og annarra verkefna). Aðalheiður Ósk Guðmundsdóttir formaður Stjórnvísí kynnti fyrir nýjum stjórnarmeðlimum Trello borð stjórnar. Allir stjórnarmenn sem mættu á fundinn eru komnir með aðgang og gerir Trello borðið allt starf stjórnar sýnilegra og einfaldara. Trello borð stjórnar er sett upp í sex dálka: Plan Do Check/Act verklok, Árangur, Árleg verkefni og áhersluverkefni og Önnur verkefni. Stjórn hefur aðgang í One drive að öllum gögnum félagsins og eru einnig allir komnir inn þar. Stjórn hefur ákveðið að samskipti verði á facebook til hagræðingar. Það sem farið var yfir á fundinum í Trello borðinu var:
  - Fundur með stjórnnum faghópa verður haldinn í Nauthól og er dagskrá tilbúin og glærur komnar inn á vefinn undir fundinn.
    - Búið að senda formönnum faghópa póst um að bjóða sinni stjórn út í hádegi og setja drög að dagskrá inn í Excel-skjal sem er á vefnum. Þetta er nýjung sem áhugavert verður að fylgjast með.
  - Haustráðstefna Stjórnvísí:
    - Allir hlyntir að halda áfram með þessa aðila sem Ingi Björn benti á.
    - Þema ráðstefnunnar mun verða tengt “Traust”
    - Hugmyndir ræddar um ráðstefnustjóra.
    - Finna þarf nafn á ráðstefnuna og auglýsa hana sem fryst.
  - Stjórnunarverðlaun Stjórnvísí verða með sama sniði og verið hefur undanfarin ár. Sama stjórn mun verða áfram.

- Íslenska ánægjuvogin verður kynnt í lok janúar og er nú alfarið í eigu Stjórnvísí. Mælingaraðili er Zenter. Aðalfundur Íslensku ánægjuvogarnnar var haldinn í sumar.
- Mælingar á starfsemi félagsins eru áfram í þróun þ.e. mælaborð.
- **Fjárhagsstaða Stjórnvísí.** Staða félagsins er í samræmi við endurskoðaða áætlun.
- **Önnur mál.**
  - Alla mun senda á stjórn hugmyndir að dagsetningu fyrir ferð stjórnar í sjóstöng í lok ágúst.
  - Fá tilboð í streymi af stærri viðburðunum.
    - Athuga með verð á búnaði fyrir betra streymi af síma þannig að hljóð sé í lagi.
  - Stjórn samþykkti að veita 20 tíma vinnu til ráðgjafa varðandi stefnumótun félagsins 2020-2025.